

Morgunblaðið

Útgef.: H. F. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson,
Valtýr Stefánsson.
Ritstjórn og afgreiðsla:
Austurstræti 8. — Sími 1500.
Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
Auglýsingaskrifstofa:
Au turstræti 17. — Sími 3700.
Helmasmar:
Jón Kjartansson, nr. 3742.
Valtýr Stefánsson, nr. 4220.
Arní Óla, nr. 3046.
E. Hafberg, nr. 3770.
Áskriftagjald: kr. 3.00 á mánuði.
Í lausasölu: 10 astra eintakit.
20 astra með Lesbók.

Fórnarlund rauðliða.

Tímardilkurinn hefir dag eftir dag verið að jórtra sömu tugguna út af ræðu þeirri, sem Magnús Kjaran hjelt, þegar verslunarþinginu sleit. Er blaðkindin að reyna að vera fyndin í þessu sambandi, en misheppast sú viðleitni að vanda.

Tímardilknur þykir það gefa nokkuð til kynna um „almennu þroska“ verslunarstjettarinnar, að Magnús Kjaran skyldi valinn til að stjórna verslunarþinginu. Er ástæðulaust að bera skjöld fyrir Magnús gegn árásum Tímamanna í þessu efni, og nægir að minna á það að Magnús var eitt sinn kjörinn til að sjá um þinghald, sem Tímamenn munu tæplega telja óveglegra en verslunarþingið. En það var Alþingishátiðin á Þingvöllum 1930. Magnús Kjaran var framkvæmdastjóri þeirrar samkomu, og átti enginn einn maður jafn góðan þátt í því, sem hann, hve vel hún fór úr hendi. Þetta hafa Tímamenn fúslega viðurkennt. Enda voru þeir við völd 1930 og áttu úrslitavald um framkvæmdastjóralið. Sýnir ekkert ljósar, hve heimiska þessara piltar er rótgróin, en að þeir skuli reyna að smána verslunarstjettina með því að hafa slíkan fundarstjóra.

Innan um allan skætinginn er svo þessi venjulegi, kjörandi smeðjusónn um það, að Magnús hafi skort hina sönnu „fórnarlund“ til þess að geta átt samleið með Tímamönnum. Já, mikil er sú „fórnarlund“ Tímamanna og annara rauðliða.

„Fórnarlundin“ sýnir sig best í því, að þessir menn sitja í feittustu stöðunum, búa í skrautflsum, aka í lúxusbílum, ferðast land úr landi, og þurfa ekki að neita sjer um neitt, sem sál þeirra girnist. Aukastörf Jóns Árnasonar, Hjeðins og Sigfúsar Sigurhjártarsonar, mjólkurskattur Alþýðuflokksins og hífýli Jónasar Jónssonar, tala alveg ákveðnu og skýru máli um þessa „fórnarlund“.

Því „fórnarlund“ rauðliða hefir frá upphafi birst í því, að þeir vilja „fórna“ því sem aðrir eiga, til þess að geta sjálfir matað krókinn.

Frá sjálfum sjer hafa þeir „fórnað“ mannlundinni og drengskapnum, enda var þar litlu fyrir að fara.

Síðasta frumhlaup Alþýðublaðsins:

Eyjólfur Jóhannsson tekur gallað gerilsneiðingarhald úr notkun.

Alþýðublaðið spinnur út af því vaðal um stórfeld svik.

En gæfir þess ekki að það er Mjólkursölunefnd sem hefir sýnt vanrækslu í þessu efni.

Í Alþýðublaðinu í gær er allmikil hveitgrein, þar sem sagt er, „að Mjólkurfjelag Reykjavíkur hafi svikist um að gerilsneyða mjólkina, og sje hjer um einhver ægilegustu svik í viðskiftum að ræða, sem þekst hafi hjer á landi“.

Samkvæmt þeirri reynslu, sem af Alþýðublaðspiltum er fengin, þessu menn að þeir myndu reyna að þyfla upp því miðlífiðri ósanninda er „skáldskapargáfan“ kynni að blása þeim í brjóst, til þess að draga athygli almennings frá þeim staðreyndum, hversu ábreifanlega þeir hafa orðið sjer til minkunar í mjólkursölumálum. En nú munu þeir líklega hafa slegið sitt eigið met í saurbláðamensku.

Það, sem um er að ræða, er það, að fyrir nokkra skýrði Sigurður Pjetursson gerlafræðingur hjer frá því, að gerlarannsókn hans hefði leitt í ljós, að einhver galli væri á gerilsneyðingartækjum fjelagsins. Það jég hann þá samt forstjóra mjólkurstöðvarinnar að reyna þá þegar að komast fyrir ástæðuna. Eftir nokkra þhugun virtist samkv. rannsókn Sigurðar Pjeturssonar, að annað gerilsneyðingartæki stöðvarinnar væri í ólagi. Það jég þá enn sömu menn, ásamt Jónasi Kristjánssyni mjólkurbússtjóra frá Akureyri, að reyna að finna orsakirnar, svo hægt væri að bæta úr þessum galla þá þegar. Eftir að hafa gert nokkrar athuganir skýrði Jónas Kristjánsson mjer frá því að hann treysti sjer ekki til að finna orsökina. Mjólkurbússtjóri M. R. skýrði mjer frá því sama.

Gaf jég þá þegar fyrirskipun um að stöðva notkun þessarar vjelar, og láta gerilsneyða alla mjólkina í þeirri vjelinni, sem rannsóknir höfðu sýnt að var í fullkomnu lagi.

Engum í þessum bæ er ljósara um mjer, hve gerilsneyðing er gagnslaus og jafnvel skaðleg, ef hún er ekki fullkomin. Af þeim stöðum stöðvaði jég tafarlaust notkun nefndrar vjelar, ekki fyrir tilskipun Mjólkursölunefndar óðá annara, enda engin slík fyrirskipun komið enn þann dag í lag frá þeirri nefnd.

Til þess að hnekkja ósannindum Alþýðublaðsins, vil jég leyfa

mjer að birta brjef Mjólkursölunefndar til Mjólkurfjelags Reykjavíkur, sem því var sent, eftir að M. R. hafði tekið umrædda gerilsneyðingavjel úr notkun:

„Reykjavík, 16. nóv. 1935.

Vjer höfum áður sent yður áfrit af skýrslum Sigurðar Pjeturssonar um rannsóknir hans á mjólk mjólkurstöðvarinnar, þar sem kom í ljós, að mjólkinni frá plötupasteurnum var mjög ábótavant. Vjer óskudum þá, við forstjóra yðar, að undinn yrði bráður bugur að, að koma þessu í lag, en samkv. samtali við Sigurð Pjetursson er þetta óbreytt enn, þrátt fyrir tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til þess. Það er því augljóst að fá verður ný tæki hið bráðasta í stað þessa plötupasteurs, og væntum vjer, að þöntun á þeim verði gerð nú þegar, þar sem svo lítur út sem mjólkinn sje alls ekki gerilsneydd í áhaldi þessu, sem nú er. Vjer verðum að líta svo á, að yður beri ekki greiðsla á öllu gerilsneyðingargjaldi meðan svo er“. Mjólkursölunefndin óskar skilríkja frá yður fyrir hádegi þ. 18. þ. m. fyrir því að þjer hafið gert ráðstafanir til þess að panta það sem með þarf í stað þess, sem bersýnilega er óhæft til gerilsneyðingar í mjólkurstöð yðar.

Virðingarfylst,

f. h. Mjólkursölunefndin
Sveinbjörn Högnason.

Til Mjólkurfjelags Reykjavíkur“.

Eins og brjefið ber með sjer, tekur Mjólkursölunefndin málið alls ekki alvarlega. Óskar aðeins eftir að þöntuð verði tæki nú þegar, en gengur út frá að gömlu tækin verði notuð á meðan.

En hjer kemur „rúsinan“: „Við verðum að líta svo á að yður beri ekki greiðsla á öllu gerilsneyðingargjaldi meðan svo er“.

Þetta staðfestir að Mjólkursölunefndin ætlast til að við notum hið gallaða tæki, en aðeins að mjólkursöluhútin fái í sinn vasa nokkurn hluta gerilsneyðingargjaldsins á meðan.

Hvað segja menn um það? Mjólkursölunefndin veit að gerilsneyðingartækið er ekki í fullkomnu lagi. Hún fyrirskipar ekki að

*Leturbreyting mín.

stöðva notkun tækisins. Hún fyrirskipar heldur ekki, að á meðan tækið sje í notkun, skuli mjólkinn vera seld sem ógerilsneydd. Hún vill aðeins hafa nokkra aura upp úr krafsinu.

Það var jég einn sem fyrirskipaði að stöðva umrætt tæki. En fyrst eftir að Mjólkursölunefnd og landlæknir vissu um þessa ráðstöfun fer landlæknir á stúfana til að skrifa ráðuneytinu um málið.

En það vill nú svo vel til að einn þáttur í brjefinu til ráðherra, sem birt er í Alþýðublaðinu, gerir allan vaðal blaðsins að einni stórrí sápubólu, þar sem hann segir:

„Það er ekki nóg að svo heiti að mjólkinn sje gerilsneydd. Gerilsneyðing verður að vera áreiðanleg. En á því vill oft verða misbrestur, og hefir slíkt hvað eftir annað orðið að tjóni erlendis, jafnvel þrátt fyrir hinar nákvæmstu reglur um gerilsneyðinguna, og hið ríkasta eftirlit með framkvæmd hennar“.

Sannleikurinn er sá, að umrætt gerilsneyðingartæki er okkur selt með fullri ábyrgð verksmiðjunnar, sem fullkomið gerilsneyðingartæki og jafnframt ábyrgð fyrir því að gerilsneyðingin væri framkvæmd eftir aðferð Dr. Stassano og fjörefnarannsóknir hefðu sýnt að mjólkinn væri sú sama og úr eldri Stassano-tækjum.

Er hjer um að ræða nýjustu tegund gerilsneyðingavjela, sem byggð er eftir þessari nýju aðferð. Hefir hún aðeins verið í notkun í seinni tíð, eftir að mjólkurmagnið í stöðinni fór að aukast til muna.

Verksmiðjugalli eða bilun getur altaf komið fyrir allar vjelar, jafnt hjer á landi, sem erlendis, sbr. skýrslu landlæknis.

Alþýðublaðið segir, og hefir eftir Guðmundi R. Oddssyni, að jég hafi brugðist reiður við er talað var um að eftirlit þyrfti með gerilsneyðingu.

Hjer fer annaðhvort blaðið eða Guðmundur með visvitandi ósannindi, þar sem jég hefi bæði barist fyrir eftirlitinu og lagt því liðsinni í Mjólkursölunefnd, hvernær sem á dagskrá hefir komið.

Og sem dæmi vil jég nefna, að til þess að eftirlit yrði sett í gang, ekki aðeins með mjólkurstöð Mjólkurfjelags Reykjavíkur, heldur

og öllum mjólkurbúum á verðjöfnunarsvæðinu, bauðst jég til þess að lána til næstu áramóta, húsrúm til rannsóknanna og rannsóknarstofu Mjólkurfjelags Reykjavíkur, hvorttveggja endurgjaldslaut.

Seinheppið er Alþýðublaðið gagnvart meirihluta Mjólkursölunefndar.

Sje hjer um vanrækslu að ræða, sjer hvert skólabarn, að hjer á ennþá að „hengja bakara fyrir smið“.

Jég fyrirskipa stöðvun hinnar umræddu vjelar, en Mjólkursölunefnd ætlast beinlínis til að hún sje notuð fyrst um sinn, um óákveðinn tíma, en gerir bara kröfu til að fá nokkurn hluta gerilsneyðingargjaldsins í hina botnlausu hit Mjólkursamsölunnar.

Reykjavík, 20. nóv. 1935.

Eyjólfur Jóhannsson.

Rútur.

Með hverjum degi verður ljósara, að manngarmurinn, sem ábyrgð ber á stjórnarmálgagni sósíalista, er ekki í tölu þeirra, sem mark er á takandi, heldur gersamlega víti firrtur og bandóður.

Þótt flokkurinn, sem að blaðinu stendur, og stjórnin, sem það styður, sjeu í engu til fyrirmyndar, verður ekki annað sagt, en blaðið sje jafnvel þeim til háborinnar skammar. Enginn tekur lengur minsta mark á því. Fáránlegustu hrópyrði, brígl og stórlygar, flennast yfir síður þess dag frá degi, og alt er jafnóðum rekið ofan í það. Hvar sem tveir sósíalistar hittast er fyrsta spurningin, hve nær Finnbogi Rútur verði rekin frá blaðinu. Því þótt þeir sjeu yfirleitt ekki vandir að virðingu sinni, þá er þeim þó ljóst flestum hverjum, að alt framferði hans er flokknum til tjóns og vanvirðu. Eini maðurinn af ráðandi mönnum flokksins, sem vill hafa Rútur, er Hjeðinn Valdimarsson, og má um það segja, að sækjast sjer um líkir.

Altrei hefir Alþýðublaðið lent í höndunum á jafn óskaplega síðlausum lygalaup og dóna sem Finnboga Rúti.

Árásir hans á Eyjólf Jóhannsson, upp á síðkastið, taka öllu fram að skrilslegum rötarskap, heimsku og ósvífni, sem sjest hefir í íslenskum blöðum. Þegar ein lygin er rekin ofan í hann er önnur jafnharðan fundin upp og óskruð af svo dýrlegri og æðisgenginni heipt, að menn blátt áfram hryllir við.

Það eru ekki margir dagar liðnir síðan hann hjelt því fram að Eyjólfur Jóhannsson hefði stolið gerðabók samsölustjórnarinnar, sem Eyjólfur hafði einn rjett og heimtingu á ásamnt öðrum manni, og tók úr opnum skáp um hábjartan dag í auglýsningu annara manna til að lesa upp á fundi umbjóðenda sinna, Mjólkurbandalags Suður-